# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Skrifstofa blaðsins**
**er í Síðumúla 29, 2. hæð,**
**150 Reykjavík.**
**Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Árg. kostar 2.500 krónur,**
**hvert eintak 65 krónur.**

**Nr. 81** **94. ár** **Miðvikudaginn 11. júlí 2001**


## Stefna

**Dómstjórinn í Reykjavík,**
**Friðgeir Björnsson**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Sigurður Helgi Guðjónsson hrl., að hann þurfi fyrir hönd Ellenar Guðrúnar Karlsdóttur, kt. 080938-4979, Hátún 10b, 105 Reykjavík að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á tveimur veðskuldabréfum.

*Dómkröfur:* Stefnandi krefst þess að ógilt verði með dómi tvö neðangreind veðskuldabréf bæði með veði í fasteigninni Akurgerði 15, Reykjavík, kjallara.

Annars vegar veðskuldabréf, útgefið í Reykjavík 14. mars 1968 af Aðalsteini Maríussyni, kt. 160638-3469, til handhafa, að fjárhæð í g. kr. 156.200, upphaflega tryggt með 3. veðrétti í ofangreindri fasteign en hvílir nú á 1. veðrétti.

Hins vegar veðskuldabréf, útgefið í Reykjavík 15. febrúar 1969 af Garðari Árnasyni til handhafa, að fjárhæð í g. kr. 132.820, upphaflega tryggt með 4. veðrétti í ofangreindri fasteign en hvílir nú á 2. veðrétti.

*Málflutningsumboð:* Stefnandi hefur falið Sigurði Helga Guðjónssyni hrl. að reka mál þetta fyrir sína hönd.

*Málsatvik og málsástæður:* Annars vegar er um að ræða veðskuldabréf útgefið í Reykjavík 14. mars 1968 af Aðalsteini Maríussyni, kt. 160638-3469, til handhafa, þá að fjárhæð í g. kr. 156.200. Bréfið skyldi bera 7% ársvexti frá 1. apríl 1967. Skuldina samkvæmt bréfinu skyldi greiða með jöfnum árlegum afborgunum á 10 árum, með gjalddaga 1. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 1. apríl 1968, kr. 15.620 í hvert sinn. Skuldin var tryggð með 3. veðrétti í fasteigninni Akurgerði 15, Reykjavík, kjallara, en hvílir nú á 1. veðrétti.

Hins vegar er um að ræða veðskuldabréf útgefið í Reykjavík 15. febrúar 1969 af Garðari Árnasyni, þá til heimilis að Skúlagötu 58, Reykjavík, til handhafa, þá að fjárhæð í g. kr. 132.820. Bréfið skyldi bera 7% ársvexti frá 15. apríl 1969. Skuldina samkvæmt bréfinu skyldi greiða með jöfnum árlegum afborgunum á 10 árum, með gjalddaga 15. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 15. apríl 1970. Skuldin var tryggð með 4. veðrétti í fasteigninni Akurgerði 15, Reykjavík, kjallara, en hvílir nú á 2. veðrétti.

Samkvæmt kaupsamningi dags. 4. september 1998, seldi stefnandi ofangreinda eign og lofaði kaupendum að aflétta framangreindum veðskuldabréfum sem fyrst, enda eru þau kaupendum algerlega óviðkomandi.

Stefnandi kveður skuldabréfin að fullu greidd en frumrit þeirra séu glötuð og hafi ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit.

Stefnanda sé nauðsynlegt að fá bréfin ógilt með dómi svo hægt sé að aflétta þeim af fasteigninni Akurgerði 15, Reykjavík, kjallara, sem þau hvíli á, enda ber stefnandi skyldu til þess samkvæmt framangreindum kaupsamningi.

## Nauðungarsölur

### Reykjavík

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík, fimmtudaginn 9. ágúst 2001 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Smiðjustígur 11A, 0201, 4ra herb. íbúð á 2. hæð 8974) | Haraldur Blöndal | Sparisjóður Siglufjarðar og tollstjóraembættið | 372.474 |
| Smiðshöfði 10, 010101, 173,3 fm iðnaðarhúsnæði á 1. hæð m.m. 8975) | Eggert Unnsteinsson og Unnsteinn B. Eggertsson | Tollstjóraembættið | 268.780 |
| Smiðshöfði 10, 010201, 186,0 fm iðnaðarhúsnæði á 2. hæð ásamt geymslu 0102 m.m. 8976) | Eggert Unnsteinsson og Unnsteinn B. Eggertsson | Tollstjóraembættið | 262.783 |
| Smiðshöfði 10, 010301, 188,3 fm iðnaðarhúsnæði á 3. hæð m.m. 8977) | Eggert Unnsteinsson og Unnsteinn B. Eggertsson | Tollstjóraembættið | 247.188 |
| Snorrabraut 27, 0301, 3. hæð og ris 8978) | Svanlaug Ida Þráinsdóttir | Íbúðalánasjóður og Sigfús Aðalsteinsson | 2.016.369 |
| Snorrabraut 40, 0101, 4ra herb. íbúð á neðri hæð 8979) | Patcharee Raknarong og Óskar Vikar Haraldsson | Tollstjóraembættið | 78.882 |
| Sóleyjargata 13, 0101, íbúð á 1. hæð 8980) | Þórdís Unndórsdóttir | Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, útibú | 207.746 |
| Sóleyjargata 29 8981) | Áslaug K. Cassata | Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. | 3.754.775 |
| Sólheimar 25, 0603, 3ja herb. íbúð á 6. hæð merkt C 8982) | Steinunn Steindórsdóttir | Tollstjóraembættið | 70.518 |
| Sóltún 30, 0404, 77,4 fm íbúð á 4. hæð m.m. ásamt geymslu í kjallara merkt 0041 8983) | Gróa S. Æ. Sigurbjörnsdóttir | Íbúðalánasjóður | 177.601 |
| Sólvallagata 74, 0103, 1 búðarherbergi á 1. hæð og herb. í kjallara N-hlið 8984) | Jóhann Bogi Guðmundsson | Tollstjóraembættið | 843.293 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar) | Gerðarbeiðandi (-beiðendur) | Fjárhæðir krafna í krónum |
|---|---|---|---|
| Stakkholt 2, 030201, 697,72 fm iðnaðar- og verk-smiðjuhúsnæði á 2. hæð á horni Þverholts og Stórholts 8985) | Fjárfestingafélagið Bjarg ehf. | Hampiðjan hf. | 1.430.018 |
| Stararimi 41, 50% ehl. 8986) | Páll Kristberg Pálsson | Tollstjóraembættið | 25.385 |
| Stigahlíð 18, 0102, 75,2 fm íbúð á 1. hæð t.h. m.m. 8987) | Valgerður H. Valgeirsdóttir | Íbúðalánasjóður og tollstjóraembættið | 915.772 |
| Stórholt 12, 010101, 3ja herb. íbúð á 1. hæð í A-enda 8989) | Ásbjörg Hjálmarsdóttir | Íbúðalánasjóður | 118.180 |
| Stórhöfði 15, 0202, verslunar-húsnæði á 1. hæð t.v. við vestur inngang, (merkt 0301 í esk.samn.) 8990) | Gullinbrú ehf. | Sparisjóður Hafnarfjarðar | 54.905.610 |
| Suðurhólar 20, 0203, 2ja herb. íbúð á 2. hæð 8991) | Feldís Hulda Einarsdóttir | Íbúðalánasjóður | 144.834 |
| Suðurlandsbraut 16, 0306, 136,5 fm skrifstofa á 3. hæð fyrir miðju í bakhúsi ásamt 5,8 fm anddyri á 2. hæð m.m. 8992) | Samskipti ehf. | Tollstjóraembættið | 1.611.509 |
| Súðarvogur 32, 0101, 1. hæð 8993) | Sedrus sf. | Tollstjóraembættið | 270.082 |
| Súluhólar 4, 0202, 4ra herb. íbúð á 2. hæð t.h. nr. 2 8994) | Sigurbjörn Kjartansson | Íbúðalánasjóður og tollstjóraembættið | 147.376 |
| Svarthamrar 38, 0101, 3ja herb. íbúð á 1. hæð 8995) | Soffía Rut Jónsdóttir | AM PRAXIS sf. og Landsbanki Íslands hf., höfuðstöðvar | 1.065.891 |
| Sörlaskjól 40, 0101, 3ja herb. íbúð á 1. hæð m.m. og bílskúr 8996) | Úrsúla Pálsdóttir | Íbúðalánasjóður og Íslandsbanki-FBA hf. | 2.327.788 |
| Tangarhöfði 4, 010101, lager og verslun á 1. hæð. Eigninni fylgir lager og 4 bílastæði í kjallararými 0001 ásamt 3 bílastæðum á „rampa“ 8997) | Ósal ehf. | Tollstjóraembættið | 1.816.709 |
| Tangarhöfði 4, 010201 skrifstofur á 2. hæð 427 fm m.m. 8998) | Ósal ehf. | Tollstjóraembættið | 1.816.709 |
| Teigasel 4, 0203, 50% ehl. í 2ja herb. íbúð á 2. hæð 9000) | Bára N. Guðmundsdóttir | Fjármögnun ehf. | 624.271 |

*Lagarök:* Stefnandi höfðar mál þetta samkvæmt heimild í 120.–121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málið er höfðað fyrir héraðsdómi Reykjavíkur skv. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnan er birt í Lögbirtingablaði skv. 3. mgr. 121. gr. laga nr. 91/1991.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn.

1. Stefnu.
2. Lögbirtingablað það, sem stefnan birtist í.
3. Staðfest ljósrit af veðskuldabréfi, útgefið í Reykjavík 14. mars 1968.
4. Staðfest ljósrit af veðskuldabréfi, útgefið í Reykjavík 15. febrúar 1969.
5. Ljósrit kaupsamnings dags. 4. september 1998.
6. Veðbókarvottorð frá 22. júní 2001.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreind veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim, að mæta þegar mál þetta verður þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur, dómsal 102, í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 11. september nk. kl. 10.00 til þess þar og þá að sanna rétt sinn til bréfanna, þar sem ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu bréfanna verði tekin til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 27. júní 2001.
**Friðgeir Björnsson**.

(9255

# Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum þann 14. júní 2001 var bú Snæbjörns Magnússonar, kt. 020247-3989, Iðufelli, 801 Selfossi, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 9. maí 2001.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda og annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá birtingu fyrri innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 6, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 6, Selfossi, 20. september kl. 9.00. Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi á sama stað síðustu vikuna fyrir skiptafund.

Selfossi, 27. júní 2001.
**Guðjón Ægir Sigurjónsson** hdl.

(9178 a

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum þann 14. júní 2001 var bú Ellerts Jóhanns Hreinssonar, kt. 240564-2629, Högnastíg 5, Flúðum, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 9. maí 2001.

Hér með er skorað á alla þá er telja til skulda og annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 6, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 6, Selfossi, 20. september 2001 kl. 9.00. Skrá yfir lýstar kröfur mun liggja frammi á sama stað síðustu vikuna fyrir skiptafund.

Selfossi, 27. júní 2001.
**Óskar Sigurðsson** hdl.

(9179 a

Stjórn Fjárfestingarfélagsins Straums hf., kt. 701086-1399, gerir kunnugt að með heimild í 2. mgr. 27. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, hefur hún tekið ákvörðun um að hlutabréf í félaginu verði tekin til rafrænnar skráningar í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Rafræn skráning tekur gildi mánudaginn 15. október 2001 kl. 9.00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr. II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000, um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum og reglugerð nr. 397/2000, um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf Fjárfestingarfélagsins Straums hf. tekin til rafrænnar skráningar, en þau eru í eftirtöldum flokkum, með eftirtalin raðnúmer og gefin út á nafn hluthafa. Úgáfudags er getið á hverju bréfi.

A2 til og með A22
B4 “ B293
C6 “ C1486
D1 “ D182
E2 “ E392
F002 “ F00969
G4 “ G1064
H4 “ H1930
I3 “ I2165
J4 “ J2459
K1 “ K619
J..44, Jxx1170 og Jxx2170
V11074, V11133 og V12294
L2 “ L86720

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa, sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Fjárfestingarfélagsins Straums hf., að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til hluthafaskrár Fjárfestingarfélagsins Straums hf. að Kirkjusandi 2, Reykjavík. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, sbr. 10. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar. Gæta skal þess að reikningsstofnun hafi gert aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf.

Við rafræna útgáfu ofangreindra hlutabréfa er nafnverð hluta ákveðið ein króna eða margfeldi þar af.

Eftir að rafræn skráning hlutabréfa hefur átt sér stað, munu greiðslur til eigenda réttindanna, s.s. arðgreiðslur o.fl. einungis fara fram í gegnum kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf.

Að lokinni rafrænni skráningu geta hluthafar falið reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf. umsjón með eignarhlut sínum í félaginu. Hluthafar munu fá sendar tilkynningar og reikningsyfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

Reykjavík, 2. júlí 2001.
F.h. stjórnar Fjárfestingarfélagsins Straums hf.
**Þórður Már Jóhannesson.**

(9228 a

Bú Guðmundar Kristjáns Sigurðssonar, kt. 171047-4399, Fálkaleiru 4c, Höfn í Hornafirði, var með úrskurði héraðsdóms Austurlands, uppkveðnum þann 25. júní 2001, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar) | Gerðarbeiðandi (-beiðendur) | Fjárhæðir krafna í krónum |
|---|---|---|---|
| Teigasel 4, 0301, 50% ehl. í 3ja herb. íbúð á 3. hæð 9001) | Gerður Garðarsdóttir | Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, útibú | 672.529 |
| Teigasel 11, 0203, 2ja herb. íbúð á 2. hæð 9002) | Jón Árni Einarsson og Auður Friðriksdóttir | Tollstjóraembættið | 77.820 |
| Torfufell 35, 0303, 3ja herb. íbúð á 3. hæð t.h. m.m. 9003) | Þórir Úlfarsson og Lilja Hraunfjörð Hugadóttir | Tollstjóraembættið | 71.542 |
| Tómasarhagi 24, 0101, neðri hæð og bílskúr 9004) | Inga Cleaver og Baldur Berndsen Maríusson | Tollstjóraembættið | 63.384 |
| Tómasarhagi 24, 0201, efri hæð og afnot af geymslurisi og B 9005) | Inga Cleaver | Tollstjóraembættið | 60.666 |
| Tryggvagata 14, 010101, 1. hæð og 010301, ris 9006) | Anna Þórey Sigurðardóttir | Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 205.455 |
| Tunguháls 10, 010101, 648,0 fm iðnaðarrými á neðri hæð m.m. 9007) | Trailer og tæki ehf. | Tollstjóraembættið | 3.211.179 |
| Tungusel 8, 0301, 4ra herb. íbúð á 3. hæð 9008) | Hildur Kolbrún Magnúsdóttir | Sparisjóður vélstjóra | 784.478 |
| Undraland, Mosfellsbæ 9009) | Margrét Rósa Einarsdóttir og Sigurður Hilmar Ólason | Íslandsbanki-FBA hf. og lögreglustjóraskrifstofa | 2.030.832 |
| Unufell 21, 0202, 4ra herb. íbúð 92,2 fm á 2. hæð t.h. m.m. 9010) | Kristín Pálína Ingólfsdóttir | Íbúðalánasjóður | 174.713 |
| Unufell 23, 0402, 4ra herb. íbúð 94,7 fm á 4. hæð t.h. m.m. 9011) | Friðbjörg Egilsdóttir | Íbúðalánasjóður | 179.059 |
| Unufell 33, 0302, 4ra herb. íbúð 92,2 fm á 3. hæð t.h. m.m. 9012) | Guðrún Elín Svansdóttir | Tollstjóraembættið | 73.307 |
| Vallarás 2, 0506, 82,7 fm íbúð á 5. hæð yst t.h. og geymsla merkt 0117 m.m. 9013) | Anna Þóra Jónsdóttir | Íbúðalánasjóður, Samskip hf. og Viðskiptatraust hf. | 485.748 |
| Vallarás 4, 0401, 3ja herb. íbúð á 4. hæð og geymsla á 1. hæð 9014) | Hrafnhildur Björk Baldursdóttir og Geir Sæmundsson | Íbúðalánasjóður | 211.995 |
| Vegghamrar 45, 0202, 50% ehl. í 4ra herb. íbúð á 2. hæð 9015) | Jóhanna Guðrún Zoega Jónsdóttir | Tollstjóraembættið | 92.173 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar) | Gerðarbeiðandi (-beiðendur) | Fjárhæðir krafna í krónum |
|---|---|---|---|
| Veghús 15, 0302, 4-6 herb. íbúð á 3. hæð f.m. og geymsla á 1. hæð og bílskúr nr. 2 9016) | Baldur Borgþórsson og Linda Jónsdóttir | Íbúðalánasjóður | 218.128 |
| Veghús 27A, 0202, 3ja til 4ra herb. íbúð á 2. hæð t.h. 9017) | Oddný Ragna Sigurðardóttir og Einar Þór Hauksson | Íbúðalánasjóður | 237.040 |
| Veghús 31, 0505, íbúð á 5. hæð t.h. í norðvesturhorni 9018) | Guðmundur Aðalsteinsson | Tollstjóraembættið og Veghús 31, húsfélag | 135.011 |
| Vesturás 17, 50% ehl. 9019) | Pétur Aðalsteinn Einarsson | Tollstjóraembættið | 368.956 |
| Vesturberg 30, 0102, 50% ehl. í 98 fm íbúð á 1. hæð m.m. ásamt geymslu á 1. hæð merkt 0102 9020) | Grétar Þorgeirsson | Búnaðarbanki Íslands hf. | 1.663.234 |
| Vesturberg 52, 0402, 82,2 fm íbúð á 4. hæð t.h. m.m. 9021) | Guðmundur Beck Albertsson | Tollstjóraembættið | 72.908 |
| Vesturberg 140, 0404, 3ja herb. íbúð á 4. hæð nr. 4 9022) | Jóhann Kristinn Guðnason | Íbúðalánasjóður | 201.235 |
| Vesturberg 147 9023) | Trausti Tómasson | Vagnar og þjónusta ehf., Kópavogi | 103.511 |
| Vesturgata 23, 0101, verslun á 1. hæð m.m. 9024) | Istanbúl, fyrr heildverslun | Tollstjóraembættið | 79.257 |
| Vesturgata 17, 0301, 3. hæð m.m. 9025) | Parket sf. | Tollstjóraembættið | 68.859 |
| Viðarás 3, 0101, 50% ehl. 9026) | Laufey Helga Ásmundsdóttir | Íslandsbanki-FBA hf. | 268.733 |
| Viðarás 24 9027) | Guðbjörg Egilsdóttir og Steingrímur Þormóðsson | Íbúðalánasjóður og tollstjóraembættið | 1.567.064 |
| Viðarás 75 9028) | Katrín J. Björgvinsdóttir | Íbúðalánasjóður | 268.144 |
| Vættaborgir 26 9029) | Heimir Morthens | Tollstjóraembættið | 1.111.747 |
| Vættaborgir 132, 50% ehl. 9030) | Jónas Hafsteinn Jónsson | Tollstjóraembættið | 6.124.496 |
| Ystasel 21, 50% ehl. 9031) | Guðmundur Heiðar Guðjónsson | Skeljungur hf. og tollstjóraembættið | 2.139.880 |
| Þingholtsstræti 17, 0101, 109,0 fm íbúð á 1. hæð m.m. 9032) | Sveinn Egill Úlfarsson | Búnaðarbanki Íslands hf. og Íbúðalánasjóður | 167.436 |
| Þórufell 2, 0303, 3ja herb. íbúð á 3. hæð t.h. m.m. 9033) | Heiða Björk Hjaltadóttir | Greiðslumiðlun hf. - Visa Ísland, tollstjóraembættið og Viðskiptatraust hf. | 696.356 |

skiptastjóri búsins. Frestdagur við skiptin er 25. apríl 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 1, 735 Fjarðabyggð.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 53, Fjarðabyggð, föstudaginn 21. september 2001, kl. 16.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(9248 a

Bú Gunnars Gunnlaugssonar, kt. 050154-5219, Hafnarbraut 15, Höfn í Hornafirði, var með úrskurði héraðsdóms Austurlands, uppkveðnum þann 25. júní 2001, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri búsins. Frestdagur við skiptin er 4. maí 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 1, 735 Fjarðabyggð.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 53, Fjarðabyggð, föstudaginn 21. september 2001, kl. 16.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(9249 a

Fjarðabyggð, 28. júní 2001.
**Gísli M. Auðbergsson** hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum þann 14. júní 2001 var bú Bakkalág ehf., kt. 630693-2179, Hafnarskeiði 17, 815 Þorlákshöfn, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 16. mars 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 3, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, Selfossi, miðvikudaginn 19. september 2001 kl. 11.30. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 27. júní 2001.
**Sigurður Sigurjónsson** hrl.

(9250 a

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum þann 14. júní 2001 var bú Ölfusvíkur ehf., kt. 581298-2699, Laugabökkum, 801 Selfossi, tekið til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 11. maí 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum

fyrir undirrituðum skiptastjóra í þrotabúinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 3, 800 Selfossi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, Selfossi miðvikudaginn 26. september 2001 kl. 10.00. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 28. júní 2001.
**Sigurður Jónsson** hrl.

(9268 a

Stjórn Degasoft hf., kt. 630791-1469, gerir kunnugt að með heimild í 2. mgr. 27. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, hefur hún tekið ákvörðun um að hlutabréf í félaginu verði tekin til rafrænnar skráningar í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Rafræn skráning tekur gildi mánudaginn 22. október 2001 kl. 9.00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi við heimild í ákvæði til bráðabirgða nr. II í lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2000, um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignarskráningar á verðbréfum og reglugerð nr. 397/2000, um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð.

Í ljósi þess að Degasoft hf. hefur með samruna yfirtekið allar skuldbindingar Fjarhönnunar hf., kt. 410391-1399, verða öll áður útgefin hlutabréf Fjarhönnunar hf. tekin til rafrænnar skráningar á nafni Degasoft hf., en þau eru öll í einum flokki auðkennd með raðnúmerum 1-295 og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudags er getið á hverju bréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa, sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Degasoft hf. að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til skrifstofu félagsins að Lágmúla 5, 108 Reykjavík. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, sbr. 10. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, innan þriggja mánað frá síðari birtingu innköllunar þessarar. Gæta skal þess að reikningsstofnun hafi gert aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf.

Við rafræna útgáfu ofangreindra hlutabréfa er nafnverð hluta ákveðið ein króna eða margfeldi þar af.

Að lokinni rafrænni skráningu geta hluthafar falið reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf. umsjón með eignarhlut sínum í félaginu. Hluthafar munu fá sendar tilkynningar og reikningsyfirlit í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

Reykjavík, 27. júní 2001.
F.h. Degasoft hf.,
**Sverrir Ólafsson.**

(9040 b

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands, uppkveðnum þann 18. maí 2001, var bú Trésmiðjunnar Birkis ehf., Akranesi, kt. 690698-2269, með skráð lögheimili að Hlíðarvegi 24, Kópavogi, tekið til gjaldþrotaskipta.

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar) | Gerðarbeiðandi (-beiðendur) | Fjárhæðir krafna í krónum |
|---|---|---|---|
| Þórufell 8, 0401, 3ja herb. íbúð á 4. hæð t.v. m.m. 9034) | Jóna Júlía Jónsdóttir | Íbúðalánasjóður | 228.730 |
| Þverás 25 9035) | Björn Jakob Björnsson | Íbúðalánasjóður | 372.518 |
| Æsufell 6, 0305, 3ja herb. íbúð á 3. hæð merkt E 9037) | Örn Eyfjörð Arnarson | Landsbanki Íslands hf., höfuðstöðvar | 5.411.685 |

Reykjavík, 27. júní 2001.
F. h. sýslumannsins í Reykjavík
**Úlfar Lúðvíksson** deildarstjóri fullnustudeildar.

# Borgarnes

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Bjarnarbraut 2, Borgarnesi, fimmtudaginn 16. ágúst 2001 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Sumarbústaðurinn Ásendi 6, Borgarbyggð 8640) | Starfsmannafélag Dala/Snæfellsness | Sýslumaðurinn í Borgarnesi | 38.871 |
| Sumarhúsið Fjárhústunga 32, Borgarbyggð 8641) | Arnar Helgi Kristjánsson | Sýslumaðurinn í Borgarnesi | 30.497 |
| Hl. Skúlagötu 17 8642) | Ólöf Sigríður Davíðsdóttir | Búnaðarbanki Íslands | 377.094 |
| Hl. spildu úr landi Munaðarness, Selásar 17, Borgarbyggð 8643) | Óskar Sigurmundason | BYKO hf. | 740.692 |
| Hluti Seláss 1 (hesthús) 8644) | Ragnhildur Hrönn Ólafsdóttir og Brák sf. | Búnaðarbanki Ísland hf., Borgarnesi | 3.425.115 |

Borgarnesi, 22. júní 2001.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi,
**Stefán Skarphéðinsson** sýslumaður.

# Vestmannaeyjar

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Heiðarvegi 15, Vestmannaeyjum, fimmtudaginn 9. ágúst 2001 kl. 9.30, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Bessastígur 8, vesturendi 9050) | Hrefna María Guðmundsdóttir | Íbúðalánasjóður | 101.185 |
| Boðaslóð 7, neðri hæð 9051) | Ágúst Ómar Einarsson | Íbúðalánasjóður | 85.984 |
| Brekastígur 10 (Hæli), austurhluti, eignarhluti gerðarþola 9052) | Jóhann Magnússon | Sýslumaðurinn á Selfossi | 164.862 |
| Fjólugata 8, neðri hæð 9053) | Guðmundur Jakob Jónsson | Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum og Vátryggingafélag Íslands hf. | 140.051 |
| Flatir 25 9054) | Útgerðarfélag Vestmannaeyja hf. | Vestmannaeyjabær | 575.527 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar) | Gerðarbeiðandi (-beiðendur) | Fjárhæðir krafna í krónum |
|---|---|---|---|
| Foldahraun 38, 1. hæð H 9055) | Bjarni H. Baldursson | Íbúðalánasjóður | 159.485 |
| Hásteinsvegur 20, austur- og vesturendi 9056) | Helga Margrét Jónsdóttir | Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis | 268.085 |
| Hrauntún 8 9057) | Viktor Hjartarson | Íslandsbanki-FBA hf. | 1.094.408 |
| Kirkjubæjarbraut 10, 1. hæð 9058) | Halldóra Svavarsdóttir og Sigurjón Ingvarsson | Vestmannaeyjabær | 202.843 |
| Vestmannabraut 72 9059) | Guðný Sigríður Hilmisdóttir | Íbúðalánasjóður | 183.767 |
| Vestmannabraut 74 9060) | Guðný Magnúsdóttir og Helgi Guðbrandsson | Íbúðalánasjóður | 307.862 |
| Vesturvegur 25b, kjallari 9061) | Elfa Dögg Ómarsdóttir og Jóhann Ágúst Tórshamar | Íbúðalánasjóður og sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum | 369.441 |

Vestmannaeyjum, 28. júní 2001.
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum,
**Karl Gauti Hjaltason**.

## Vík

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Ránarbraut 1, Vík, fimmtudaginn 9. ágúst 2001 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Arnardrangur, Skaftárhreppi 9269) | Helgi Vilberg Jóhannsson og Sigurdís Þorláksdóttir | Glitnir hf., Lánasjóður landbúnaðarins og Skeljungur hf. | 1.823,82 |
| Brekkur 1, lóð, Mýrdalshreppi 9270) | Steinþór Vigfússon | Íbúðalánasjóður | 215.830 |
| Efri-Steinsmýri, Skaftárhreppi 9271) | Jón Reynir Einarsson | Landsbanki Íslands hf., aðalbanki | 550.638 |
| Norður Hvammur, Mýrdalshreppi 9272) | Jónas Smári Hermannsson | Búnaðarbanki Íslands hf. | 3.951.220 |
| Ytri-Sólheimar III, Mýrdalshreppi 9273) | Tómas Ísleifsson | Íbúðalánasjóður | 635.201 |

Vík, 28. júní 2001.
Sýslumaðurinn í Vík,
**Sigurður Gunnarsson**.

Frestdagur við skiptin er 30. apríl 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 7, pósthólf 8383, 128 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 6. hæð, Reykjavík, miðvikudaginn 26. september 2001, kl. 10.00. Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 26. júní 2001.
**Halldór H. Backman** hdl.,
skiptastjóri.

(9063 b

# Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 4. október 2000, var bú Hauks Halldórs Barkarsonar, kt. 111068-4539, Hjallahlíð 12, Mosfellsbæ, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum í búinu lauk 28. júní sl., samkvæmt 2. mgr. 154. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., með því að allar kröfur í búið, samtals að fjárhæð kr. 3.514.054 voru afturkallaðar.

Búið var því afhent honum til frjálsrar ráðstöfunar.

Reykjavík, 29. júní 2001.
**Halla Bergþóra Björnsdóttir** hdl.,
skiptastjóri.

(9274

# Fyrirtækjaskrá

## Samrunatilkynningar

Hlutafélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. ehfl.

*Yfirtökufélag:* Hverá ehf., kt. 610181-0319, Tjaldanesi 11, 210 Garðabæ.

*Yfirtekið félag:* Eignarhaldsfélagið Stafá ehf., kt. 610600-2470, Seljavegi 2, 101 Reykjavík.

*Uppgjörsdagur:* 1. janúar 2001. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. ehfl. lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvors samrunafélags fyrir sig.

(9156

Hlutafélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. ehfl.

*Yfirtökufélag:* Míkró ehf., kt. 701181-0939, Skeifunni 11, 108 Reykjavík.

*Yfirtekið félag:* Eign ehf., kt. 630991-1109, Grensásvegi 8, 108 Reykjavík.

*Uppgjörsdagur:* 31. desember 2000. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. ehfl. lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvors samrunafélags fyrir sig.

(9157

Hlutafélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. ehfl. og 4. mgr. 122. gr. hfl.

*Yfirtökufélag:* Globus hf., kt. 570169-0339, Skútuvogi 1 f, 104 Reykjavík.

*Yfirtekið félag:* Rafhlaðan ehf., Auðbrekku 24, 200 Kópavogi.

*Uppgjörsdagur:* 1. janúar 2001. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið.

*Endurgjald:* Yfirtökufélag er eigandi að öllu hlutafé í yfirtekna félaginu og er því ekki um

endurgjald að ræða. Við samrunann renna eignir og skuldir yfirtekna félagsins inn í yfirtökufélagið og koma í stað hlutafjáreignar í yfirtekna félaginu.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/-stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. ehfl. og 5. mgr. 124. gr. hfl. lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvors samrunafélags fyrir sig.

(9158

Hlutafélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr. hfl.

*Yfirtökufélag:* Skaginn hf., kt. 700498-2209, Bakkatúni 26, 300 Akranesi.

*Yfirtekið félag:* Icetech á Íslandi hf., kt. 711293-3889, Sóltúni 26, Reykjavík.

*Uppgjörsdagur:* 1. janúar 2001. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/-stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 124. gr. hfl. lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvors samrunafélags fyrir sig.

(9259

Hlutafélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. ehfl. og 4. mgr. 122. gr. hfl.

*Yfirtökufélag:* Sjóklæðagerðin hf., kt. 550667-0299, Faxafeni 12, 108 Reykjavík.

*Yfirtekin félög:* Sjóklæðagerð Íslands hf., kt. 590570-0609, Skúlagötu 51, 105 Reykjavík. Angórufatnaður ehf., kt. 610992-2349, Bjarnarbraut 4-6, 310 Borgarnesi. Vopni ehf., kt. 681072-0129, Skúlagötu 51, 105 Reykjavík.

*Uppgjörsdagur:* 1. janúar 2001. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirteknu félaganna sem telst þá reikningslega lokið.

*Endurgjald:* Yfirtökufélag er eigandi að öllu hlutafé í yfirteknu félögunum og er því ekki um endurgjald að ræða. Við samrunann renna eignir og skuldir yfirteknu félaganna inn í yfirtökufélagið og koma í stað hlutafjáreignar í yfirteknu félögunum.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/-stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. ehfl. og 5. mgr. 124. gr. hfl. lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvors samrunafélags fyrir sig.

(9260

Hlutafélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. ehfl. og 4. mgr. 122. gr. hfl.

*Yfirtökufélag:* Strengur hf., kt. 460782-0589, Ármúla 7, 108 Reykjavík.

*Yfirtekið félag:* Reiknistofa lífeyrissjóða ehf., kt. 621200-2240, Sætúni 1, 105 Reykjavík.

*Uppgjörsdagur:* 31. desember 2000. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/-stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. ehfl. og 5. mgr. 124. gr. hfl. lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvors samrunafélags fyrir sig.

(9261

Hlutafélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. ehfl. og 4. mgr. 122. gr. hfl.

*Yfirtökufélag:* Bananar ehf., kt. 530390-1289, Elliðavogi 103, 104 Reykjavík.

*Yfirtekið félag:* Ágæti hf., kt. 571287-1459, Vagnhöfða 13-15, 110 Reykjavík.

*Uppgjörsdagur:* 1. janúar 2001. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/-stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. ehfl. og 5. mgr. 124. gr. hfl. lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvors samrunafélags fyrir sig.

(9262

Hlutafélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. ehfl.

*Yfirtökufélag:* Nývon ehf., kt. 420300-3250, Skagabraut 42, 250 Garði.

*Yfirtekið félag:* Lónshús ehf., kt. 630300-3040, Skagabraut 42, 250 Garði.

*Uppgjörsdagur:* 1. janúar 2001. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/-stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. ehfl. lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvors samrunafélags fyrir sig.

(9263

Hlutafélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. ehfl. og 4. mgr. 122. gr. hfl.

*Yfirtökufélag:* Búlandstindur hf., kt. 490169-0169, Bakka 4, 765 Djúpavogi.

*Yfirtekin félög:* Vélsmiðja Djúpavogs ehf., kt. 611284-3889 og Arnarey ehf., kt. 410269-0869, bæði til heimilis að Bakka 4, 765 Djúpavogi.

*Uppgjörsdagur:* 30. júní 2000. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirteknu félaganna sem telst þá reikningslega lokið.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/-stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. ehfl. og 5. mgr. 124. gr. hfl. lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvors samrunafélags fyrir sig.

(9264

**Hagstofa Íslands.**
**Hlutafélagaskrá.**

# Fyrirtækjaskrá

## Skipting hlutafélags

Hlutafélagaskrá hefur borist skiptingaráætlun Hvítlistar hf., kt. 461086-1289, Krókhálsi 3, 110 Reykjavík ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr. hfl.

Við skiptinguna verður stofnað nýtt félag, Króksból ehf., sem tekur við hluta af eignum og skuldum, réttindum og skyldum Hvítlistar hf. Hlutafé í viðtökufélagi verður 500.000 að nafnvirði og lækkar hlutafé í Hvítlist hf. um sömu upphæð og verður eftir skiptingu 28.071.429 kr. að nafnvirði.

Skiptingin miðast við 31. desember 2000. Frá og með þeim degi tekur viðtökufélag við þeim eignum og skuldum, réttindum og skyldum, sem til félagsins skulu renna við skiptinguna.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafund þann, sem endanlega ákveður skiptingu félagsins og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku skiptingaráætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 124. gr. hfl. lögð fram á skrifstofu félagsins hluthöfum til skoðunar eða afhendingar.

**Hagstofa Íslands.**
**Hlutafélagaskrá.**

(9258

# Fyrirtækjaskrá

## Nýskráningar

*Félagið heitir:* **JPV-útgáfa ehf.**

*Kt.:* 600201-2390.

*Heimili og varnarþing:* **Bræðraborgarstíg 7, 101 Reykjavík.**

*Dagsetning samþykkta er:* 10. febrúar 2001.

*Stofnendur:* Anna Valdimarsdóttir, kt. 250648-4569, Lambastaðabraut 6, 170 Seltjarnarnesi, Ásgeir M. Valdimarsson, kt. 301042-2649, Bræðraborgarstíg 7, 101 Reykjavík, Ingunn Ásgeirsdóttir, kt. 230522-2199, s.st. og Jóhann Páll Valdimarsson, kt. 030552-3349, s.st.

*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 10. febrúar 2001:*

Formaður stjórnar: Jóhann Páll Valdimarsson.

Meðstjórnendur: Anna Valdimarsdóttir og Ásgeir M. Valdimarsson.

Varastjórn: Guðrún Sigfúsdóttir, kt. 130153-5699, Bræðraborgarstíg 7, 101 Reykjavík og Sigríður Harðardóttir, kt. 050649-7849, Laufásvegi 7, 101 Reykjavík.

# Auglýsing

## um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 1993–2013 og tillögu að deiliskipulagi við Kjarrheiði og Valsheiði

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 1993-2013, samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin tekur til svæðis sem afmarkast af Hamrinum og byggð við Borgarhraun í norðri, landamörkum Vorsabæjar og Öxnalækjar í suðvestri og byggð við Gróðurmörk, Arnarheiði, Lyngheiði, Borgarhraun og Kambahraun í austri.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Vatnvernd á svæðum V1, V2 og V3 sunnan Hamars verður aflétt
2. Reitur merktur „skipulagi frestað“ verður íbúðabyggð
3. Verslunar- og þjónustusvæði austan við Í3 verður íbúðasvæði og opið svæði
4. Vestari hluti Í3 verður verslunar- og þjónustusvæði
5. Útivistarsvæði Ú5 neðan Hamars stækkar til suðurs og umlykur hið nýja íbúðarsvæði undir Hamrinum
6. Útivistarsvæði Ú13 vestan Arnarheiðar stækkar
7. Reiðstígur sem liggur í gegnum svæði skilgreint sem „skipulagi frestað“ færist norður fyrir fyrirhugað íbúðasvæði
8. Nýjar gönguleiðir eru lagðar.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi við Kjarrheiði og Valsheiði samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Svæðið sem tillagan nær til afmarkast í vestri af fyrirhugaðri safngötu, mót norðri af Þelamörk, mót austri af byggð við Arnarheiði og í suðri af Finnmörk

Ofangreindar tillögur verða til sýnis á bæjarskrifstofunum að Hverahlíð 24, frá og með fimmtudeginum 12. júlí nk. til föstudagsins 10. ágúst 2001. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, eigi síðar en föstudaginn 24. ágúst 2001. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofur Hveragerðisbæjar, Hverahlíð 24. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest telst samþykkur þeim.

Hveragerði, 2. júlí 2001.
**Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar.**

9227)

# Auglýsing

## um umferð á Hjalteyri, Arnarneshreppi

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Arnarneshrepps eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Hjalteyri:

Hámarkshraði ökutækja í íbúðagötum á Hjalteyri, Arnarneshreppi, verður 30 km/klst., en göturnar eru tvær, efri og neðri gata og tengjast saman að norðan með þvergötu.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Arnarneshreppi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Akureyri, 29. júní 2001.
Sýslumaðurinn á Akureyri,
**Björn Jósef Arnviðarson.**

9257)

# Auglýsing

## um breytingu á deiliskipulagi stofnanareits

Með vísan í 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við breytingu á deiliskipulagi stofnanareits, Akranesi.

Breytingin nær til lóðarinnar nr. 2 við Stillholt og felst í að lóðin verði skilgreind fyrir breytta landnotkun þ.e. íbúðalóð í stað verslunar- og þjónustulóðar.

Teikningar, ásamt frekari upplýsingum, liggja frammi á skrifstofu tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar, Dalbraut 8, 1. hæð, frá og með 6 . júlí nk. til 3. ágúst 2001.

Athugasemdir ef einhverjar eru skulu vera skriflegar og berast bygginga- og skipulagsfulltrúa Akraneskaupstaðar eigi síðar en 17. ágúst 2001, þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast samþykkja hana.

Akranesi, 2. júlí 2001.
**Magnús Þórðarson,**
bygginga- og skipulagsfulltrúi.

9460)

*Firmað rita:* Tveir stjórnarmenn saman.
*Framkvæmdastjórn:* Egill Örn Jóhannsson, kt. 040374-5239, Álagranda 12, 107 Reykjavík.
*Prókúruumboð:* Egill Örn Jóhannsson og Nína Hrönn Sigurðardóttir, kt. 260374-5919, Fjarðarási 14, 110 Reykjavík.
*Skoðunarmenn/endurskoðendur:* KPMG Endurskoðun hf., kt. 590975-0449, Vegmúla 3, 108 Reykjavík og Óskar Sverrisson, kt. 140559-3699, Goðalandi 20, 108 Reykjavík.
*Hlutafé:* 500.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er útgáfa á bókum og öðru miðlunarefni, s.s. margmiðlun, tónlist o.fl. Lánastarfsemi og rekstur fasteigna.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(6873

*Félagið heitir:* **Ráðgjafarstofan Auður ehf.**
*Kt.:* 600201-2550.
*Heimili og varnarþing:* **Hrísholti 21, 800 Selfossi.**
*Dagsetning samþykkta er:* 1. janúar 2001.
*Stofnandi:* Auður Björk Kristinsdóttir, kt. 230351-7679, Hrísholti 21, 800 Selfossi.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 1. janúar 2001:*
Stjórnarmaður: Auður Björk Kristinsdóttir.
Varamaður: Hildur Björk Svavarsdóttir, kt. 040175-3859, Flókagötu 23, 105 Reykjavík.
*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.
*Framkvæmdastjórn og prókúruumboð:* Auður Björk Kristinsdóttir.
*Skoðunarmenn/endurskoðendur:* Ásmundur Sverrir Pálsson, kt. 241250-3699, Gauksrima 34, 800 Selfossi og Þórir Sigurbjörnsson, kt. 261045-7969, Selvogsgrunni 5, 104 Reykjavík.
*Hlutafé:* 500.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er mat og skipulagning á sérkennslu eða öðrum sérúrræðum í skólastarfi, greining á námserfiðleikum einstaklinga og hópa ásamt viðeigandi ráðgjöf, ráðgjöf um nám og námsleiðir, námskeiðahald og fræðslustarfsemi, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(6874

**Lögbirtingablað,**
81. tölublað 2001.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins
og ábyrgðarmaður.
**Eygló Halldórsdóttir**

Gutenberg